

Nd.

19. Frumvarp til laga

[19. mál]

um saksóknara ríkisins og rannsóknarstjóra.

(Lagt fyrir Alþingi á 70. löggjafarþingi, 1950.)

1. gr.

Forseti skipar opinberan ákæranda, er nefnist saksóknari ríkisins. Hann skal fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í lögum til þess að fá skipun í dómaraembætti í hæstarétti og hafa sömu laun og lögkjör að öðru leyti sem hæstaréttardóm-
arar, eftir því sem við verður komið.

Dómsmálaráðherra skipar saksóknara fulltrúa með lögfræðisprófi.

2. gr.

Saksóknari fer með ákærvaldið og tekur við þeim störfum, sem dómsmálaráðherra og sækjanda fyrir hæstarétti eru falin í lögum um meðferð opinberra mála. Haldast skulu ákvæði laga um ákærvald héraðsdómara og um ákærvald dómsmálaráðherra, þar sem svo er sérstaklega mælt í lögum, svo og ákvæði laga um meðferð opinberra mála, er fela dómsmálaráðherra að kveða á um dómaskipun, tíma dómþinga, tilhögun á skráningu í þingbók, reglur um kennslu, próf og hæfi lögreglumanna og útgáfu erindisbréfs þeim til handa.

3. gr.

Saksóknari skal hafa vakandi auga á brotum, sem framin verða. Hann gefur lögreglumönnum fyrirmæli og leiðbeiningar um rannsóknir almennt eða í einstökum atriðum og getur verið við þær sjálfur.

4. gr.

Saksóknari gerir bæði að hvötum héraðsdómara og af sjálfsdáðum tillögur til dómsmálaráðherra um niðurfellingu saksóknar.

5. gr.

Nú er saksóknari svo riðinn við mál aðilja, að hann mætti eigi gegna dóm-
arastörfum í því, og skipar dómsmálaráðherra þá annan lögþæfan mann til með-
ferðar þess máls.

6. gr.

Dómsmálaráðherra hefur eftirlit með framkvæmd ákærvaldsins og er rétt að krefja saksóknara skýrslna um einstök mál.

7. gr.

Forseti skipar rannsóknarstjóra. Skal hann hafa leyst af hendi lögfræðispróf og aflað sér samkvæmt vottorðum hæfrar stofnunar rækilegrar sérmenntunar í þeim efnum, er eftirgrennslan brota varða. Hann skal lúta saksóknara, hafa skrifstofu í Reykjavík, stýra rannsóknum þar og fara með stjórn þeirra lögreglumanna, sem ætlað er að rannsaka brot, að því er þau störf varðar. Þá skal hann og stjórn rannsóknum hvarvetna annars staðar á landinu, þegar saksóknari telur þess þörf, enda getur hann sent fulltrúa sinn eða rannsóknarlögreglumenn héraðsdómurum til aðstoðar bæði utan réttar og fyrir dómi.

Rannsóknarstjóri nýtur sömu launakjara sem lögreglustjórinn í Reykjavík. Skipa má rannsóknarstjóra fulltrúa með lögfræðisprófi.

8. gr.

Þau mál, sem sæta sókn og vörn fyrir héraðsdómi eftir málshöfðun, sækir rannsóknarstjóri, er mál skal dæma í umdæmi hans, og annars staðar eftir ákvörðun saksóknara eða fulltrúi rannsóknarstjóra.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Í athugasemdum við frumvarp það um meðferð opinberra mála, sem lagt var fram á Alþingi 1948 og 1949, eru raktar rækilega ástæður fyrir því, að rétt sé að setja lög um skipun opinbers saksóknara hér á landi svo og um skipun rannsóknarstjóra. Vísast til þeirra athugasemda frumvarpi þessu til stuðnings, en efni þessa frumvarps hefur verið skilið frá aðalfrumvarpinu, svo að unnt sé að samþykkja réttarbætur þess frumvarps, án þess að um leið þurfi að taka afstöðu til stofnunar hinna nýju embætta samkvæmt þessu frumvarpi. Rétt þykir að taka hér fram, að saksóknara er ætlað að sækja opinber mál fyrir hæstarétti án sérstaks endurgjalds og rannsóknarstjóra að sækja þau mál fyrir héraðsdómi í Reykjavík og víðar. Sparast við það þau laun, er annars þyrfti að greiða sækjendum þeirra mála.